

Uppstilling tilnefningarnefndar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. - Aðalfundur 2026

Tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga, sem kosin var á síðasta aðalfundi, starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn Lánasjóðsins setur henni. Nefndinni ber að leggja tillögu að stjórn og varastjórn fyrir aðalfund ásamt því að stýra kosningu ef fleiri eru í framboði en rúmast í tillögu nefndarinnar eða ef krafist er skriflegrar kosningar. Við kosningu gildir hlutfallsleg eign hvers sveitarfélags og við niðurröðun stjórnarmanna eftir talningu gildir jafnframt kynjahlutfallið 2/3.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins fyrir hönd tilnefningarnefndar sendi öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem óskað var eftir framboðum til stjórnar fyrir kl 12.00 miðvikudaginn 27. febrúar 2026. Innan framangreindra tímamarka bárust framboð til setu í stjórn og varastjórn frá 12 aðilum, þar af buðu allir fimm sitjandi aðalmenn í stjórn sig fram.

Við uppstillingu til stjórnar hefur sem fyrr verið horft til eðlilegs hlutfalls minni og stærri hluthafa sem og lögbundins kynjahlutfalls, landshlutasjónarmiða og þess pólitíska veruleika sem ríkir hjá sveitarstjórnnum á landsvísi. Þá var einnig tekið tillit til þess að á aðalfundi 2025 fór fram kosning þar sem vilji eigenda sjóðsins kom skýrt fram og bæði aðalmenn og varamenn til stjórnar fengu skýrt umboð. Tveir sitjandi varamenn buðu sig ekki fram og því gerir nefndin tillögu um tvo nýja varamenn. Kristinn Jónasson Snæfellsbæ hefur einn boðið sig fram til formanns og verður sjálfkjörinn ef ekki koma önnur framboð til formanns.

Tillaga nefndarinnar um aðal- og varamenn í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2026 er:

Aðalmenn:	Varamenn:
Kristinn Jónasson, stjórnarformaður, bæjarstjóri Snæfellsbæjar.	Helgi Hlynur Ásgrímsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi.
Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.	Gylfi Ólafsson, form. bæjarráðs Ísafjarðabæjar.
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar.	Sigurþóra Bergsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi á Seltjarnarnesi.
Guðmundur B. Guðmundsson, f.v. formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar.	Grímur R. Lárusson, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnabyggð.
Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík.	Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps.

Auk framantalinna bauð Rúnar Bragi Guðlaugsson, sem á sæti í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, sig fram til stjórnarsetu í LS á aðalfundi 2026. Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, dró



framboð sitt til baka. Ekki bárust fleiri framboð, en sérstök auglýsing var birt á heimasíðu Lánasjóðsins 11. mars sl., þar sem minnt var á að lokafrestur til framboða væri til hádegis 15. mars 2026.

Tilnefningarnefnd leggur jafnframt til að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verði kjörin fundarstjóri aðalfundar.

17. mars 2026

Tilnefningarnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga

Magnús B. Jónsson, formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir